Kennsluáætlun

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	ÍSLE3RN05 - Nútímabókmenntir og ritun
Kennari:	Þiðrik Örn Viðarsson
Önn:	Haustönn 2026
Áætlun unnin:	Ágúst 2026

.

Markmið:
Þekkingarmarkmið:
Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á: • bókmenntasögu 20. og 21. aldar • áhrifum erlendra menningarstrauma á íslenskar bókmenntir tímabilsins • tengslum bókmennta og samfélags • nokkrum helstu höfundum og verka þeirra • textum sem endurspegla ólíkar bókmenntastefnur • bragarháttum, myndmáli og stílbrögðum ljóða tímabilsins
Leiknimarkmið:
Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • lesa fjölbreytta texta tímabilsins, skilja meginhugtök og greina mismunandi sjónarmið • skrifa heimildaverk sem tengjast tímabilinu • semja eigin texta með mismunandi stíl • flytja mál sitt á öruggan og uppbyggilegan hátt • vinna bókmenntakynningar • taka fræðilega afstöðu til samfélagslegra álitamála • nýta sér handbækur og ítarefni á gagnlegan og uppbyggilegan hátt • setja fram vel frágenginn texta
Hæfnimarkmið:
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • tjá sig um íslenskar bókmenntir 20. og 21.aldar í ræðu og riti og taka þátt í uppbyggilegum samræðum um efni þeirra. • draga saman aðalatriði við túlkun og úrvinnslu krefjandi texta

- átta sig á tengslum samfélags og boðskapar í textum
- sýna víðsýni og sköpunarhæfni í umfjöllun sinni og verkum

Námsefni:	Elínborg Ragnarsdóttir og Sólveig Einarsdóttir. 2017. *Skáld skrifa þér-brot úr bókmenntasögu frá 1920 til nútímans.*(endurprentun 2021). JPV útgáfa. Reykjavík. Yrsa Þöll Gylfadóttir. 2023. *Rambó er týndur.* Bókabeitan ehf, Reykjavík. Önnur skáldsaga verður valin í samráði við nemendur. Upplýsingar um það munu koma inn á Teams-síðu áfangans seinna á önninni. **Handbækur og hjálparefni:** Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 2010. *Handbók um ritun og frágang.*(10. útgáfa). Mál og menning. Kröfur FSN til verkefna og ritgerðarvinnu: https://moodle.fsn.is/course/view.php?id=76 Málið: https://malid.is/ **Ítarefni (þarf ekki að kaupa):** Dagný Kristjánsdóttir. 2010**.** *Öldin öfgafulla*. *Bókmenntasaga tuttugustu aldarinnar.* (3.útgáfa). Bjartur, Reykjavík. Guðmundur Andri Thorsson (ritstj.).2006. Íslensk bókmenntasaga IV. Mál og menning, Reykjavík. Guðmundur Andri Thorsson (ritstj.). 2006 Íslensk bókmenntasaga V. Mál og menning, Reykjavík. Óskar Halldórsson. 1977. *Bragur og ljóðstíll.* Rannsóknarstofnun í bókmenntafræði við Háskóla Íslands. Fræðirit 1. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík. Sölvi Sveinsson. *Táknin í málinu.* Iðnunn, Reykjavík.

Námsmat:	
Leiðasagnarnám	Áfanginn er verkefnamiðaður. Mikilvægt er að vinna jafnt og þétt. Alltaf er hægt að hafa samband við kennara á TEAMS. Námið er *leiðsagnarnám* og byggist upp á því að nemendur fá endurgjöf á það sem vel er gert og ábendingar um það sem betur má fara í verkefnavinnu.
Verkefnaeinkunn= Skipulag náms: Námstilhögun	Skrifleg og munnleg verkefni: 60-70% Rambó er týndur: Lestur, umræður, verkefni og könnun =15% Önnur skáldsaga (valin í samráði við nemendur): Lestur, umræður, verkefni og könnun=15% Námstilhögun: Í áfanganum verður stuðst við kennsluumsjónarkerfið **„Teams**“ en þar setur kennari öll fyrirmæli og verkefni. Verkefnum er skilað til kennara í gegnum kerfið, nema annað sé tekið fram. Nemendur lesa fjölbreytta texta og vinna margskonar verkefni. Áfanginn krefst aga og sjálfstæðra vinnubragða hjá nemendum. **Ekki er gefin einkunn fyrir öll verkefni en ef verkefnum er ekki skilað inn fá þau einkunnina 0 og gilda því í raun öll verkefni til einkunnar.** **Athugið: Kennari áskilur sér rétt til þess að gefa einkunnina 0 telji hann að verkefni hafi verið unnið af öðrum en nemandanum sjálfum (t.d. gervigreind). Séu nemendur ósáttir við mat kennara geta þeir óskað eftir viðtali.**

Um skilafrest og vanskil:
Verkefni eru sett inn á mánudagsmorgnum. Skilafrestur á verkefnum er fyrir kl. 23:59 á sunnudögum. Skilakassar lokast eftir að skilafrestur er útrunninn og ekki er hægt að skila verkefnum eftir þann tíma.

Vika 34 17. - 23. ágúst	Námsefni áfangans kynnt, farið yfir kennsluáætlun
Vika 35 24. - 30. ágúst	*Skáld skrifa þér. Nýrómantík. 1900-1920*
Vika 36 31. ágúst – 6. september	*Skáld skrifa þér. Nýrómantík. 1900-1920*
Vika 37 7. - 13. september	*Skáld skrifa þér. Nýrómantík. 1900-1920*
Vika 38 14. - 20. september	*Skáld skrifa þér. Nýrómantík. 1900-1920*
Vika 39 21. - 27. september	*Skáld skrifa þér. Tímabilið 1920-1930*
Vika 40 28.sept. - 4. október	Lestur á fyrri skáldsögu annarinnar hefst
Vika 41 5. - 11. október	Lestur á *skáldsögu* *Skáld skrifa þér. Félagslegt Raunsæi 1930-1950.*
Vika 42 12. - 18. október	Lestur á *skáldsögu* *Skáld skrifa þér. Félagslegt Raunsæi. 1930-1950*

Vika 43 19. – 25. október	Lestur á *skáldsögu* *Skáld skrifa þér. Módernisminn. 1950-1970.*
Vika 44 26. október - 1. nóvember	*Skáld skrifa þér. Módernisminn. 1950-1970.* *Könnun upp úr fyrri skáldsögu annarinnar*
Vika 45 2. - 8. nóvember	*Skáld skrifa þér. Módernisminn. 1950-1970.*
Vika 46 9. - 15. nóvember	*Skáld skrifa þér. Módernisminn. 1950-1970.*
Vika 47 16. - 22. nóvember	*Skáld skrifa þér. Bókmenntir eftir 1968.* Lestur hefst á skáldsögunni *Rambó er týndur* bls. 5-76
Vika 48 23. - 29. nóvember	*Skáld skrifa þér.* *Bókmenntir eftir 1968.* Lestur hefst á bókinni *Rambó er týndur* bls. 77-147
Vika 49 30 nóv. - 6. desember	*Skáld skrifa þér.* *Bókmenntir eftir 1968.* *Rambó er týndur* bls. 148-228
Vika 50 7. - 13. desember	*Skáld skrifa þér.* *Bókmenntir eftir 1968.* Könnun úr *Rambó er týndur*
Vika 51 14. - 20. desember	**Jólafrí!**
Vika 52 21. – 27. desember	

Birt með fyrirvara um breytingar,

Þiðrik Örn Viðarsson